

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Silfrastöðum, 13. nóvember 2018

Varðar: Ný reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaganna. Umsögn sveitarfélagsins Akrahrepps varðandi fyrirhugaðar breytingar.

Með bréfi dagssettu 1. nóvember sl., tilkynnti Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið að drög að nýrri reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, væri tilbúið til umsagnar. Þær breytingar sem hér eru kynntar, byggja á skýrslu nefndar um endurskoðun á jöfnunarframlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, og hefur skýrslan verið ágætlega kynnt.

Þá liggja einnig fyrir áætlanir Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins að stuðla að samruna fámennra sveitarfélaga og búa sveitarstjórnarstigið undir aukin verkefni á næstu árum, svo hægt verði að uppfylla skyldur gagnvart íbúum sveitarfélaganna. Það er því augljóst að þessar breytingar á reglugerð Jöfnunarsjóðsins, stuðla að markmiði stjórnvalda varðandi sameiningu fámennra sveitarfélaga.

Sveitarfélagið Akrahreppur er tekjulágt sveitarfélag þar sem tekjustofninn byggir á A-hluta eingöngu. Auknar skyldur og verkefni sem lagðar eru á sveitarfélögin hafa í för með sér verulega íþyngjandi og á tíðum ófyrirséð útgjöld. Slík reglugerðarbreyting mun því setja stórt strik í fjárhagsáætlun Akrahrepps fyrir árið 2019 og næstu ár á eftir og setur reksturinn í uppnám. Akrahreppur undrast að slíkar breytingar skuli ekki innleiddar í áföngum.

Akrahreppur gerir því alvarlegar athugasemdir við það að gert sé ráð fyrir að breytingarnar taki gildi strax um næstu áramót án þess að sveitarfélagið hafi tækifæri til þess að aðlagast að þeim fjárhagslegu og stjórnsýslulegu breytingum sem liggja fyrir.

Virðingarfyllt,

Hrefna Jóhannesdóttir

Hrefna Jóhannesdóttir,
oddviti Akrahrepps

AKRAHREPPUR
560 Varmahlíð
Kt. 410169-3209